

Grindavíkurbær
Elisabet Bjarnadóttir
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0018
IAS

Efni: Heildarendurskoðun deiliskipulags í Svartsengi – Skipulags- og matslýsing

Vísað er í erindi frá Grindavíkurbæ, dagsett 8. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um Skipulags og matlýsingu vegna heildarendurskoðunar deiliskipulags í Svartsengi – Auðlindagarður í Grindavík.

Afmörkun gildandi deiliskipulags liggur innan Grindavíkur. Í gildi er Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 og nær skipulagssvæðið til landnotkunar AT2 (athafnasvæði), VP8 (verslun og þjónusta) og I1 (iðnaðarsvæði) Mögulega kann skipulagsvinnan að leiða til breytinga á skipulagsmörkum með þeim hætti að það nái t.d. til borteiga utan markanna.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og er með eftirfarandi athugasemdir.

Í ljósi þeirra jarðhræringa og eldsumbrota sem nú eru í gangi telur Náttúrufræðistofnun að þetta sé ekki rétti tíminn til að fara í heildarendurskoðun deiliskipulags í Svartsengi.

Ekkert er minnst á hættur vegna jarðskjálfta, eldvirkni eða hraunrennslis í umfjöllun um náttúruvá.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

